

Ed.

118. Nefndarálit

um frv. til l. um heilsuhæli handa drykkjumönnum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. á nokkrum fundum og er sammála um, að mikil þörf sé á að gera ráðstafanir til bjargar þeim mönnum, sem sjúkir mega teljast af hneigð til áfengra drykkja. Hefir nefndin leitað álits og tillagna yfirlæknisins á Nýja Kleppi, dr. med. Helga Tómassonar, um málið. Á þinginu 1936 leitaði nefndin, sem þá var skipuð sömu mönnum og nú, álits landlæknis um málið, og kom það í ljós, að báðir þessir læknar voru, að minnsta kosti í aðalatriðum, sammála um, hvað réttast væri að gera í þessu máli. Báðir leggja þeir megináherzlu á, að heilbrigðisstjórninni sé heimiluð fjárupphæð nokkur, sem hún gæti varið til þess að gera tilraun til að lækna þá menn, sem hér um ræðir, af meinsemd þeirra. Hinsvegar telja þeir ekki brýna nauðsyn til að reisa sérstakt hæli fyrir þessa menn, heldur megi við það una fyrst um sinn að leita annara ráða.

Að þessu athuguðu hefir nefndin horfið að því ráði að leggja ekki til að svo komnu máli, að reist verði eða stofnað heilsuhæli í þessu skyni, enda mundu vera á því erfiðleikar fjárhagsins vegna, því að óhjákvæmilegt yrði, að slíkt hæli yrði talsvert dýrt í rekstri, auk þess sem stofnkostnaður hlýti að verða mikill. Aftur á móti vill nefndin leggja til, að fé verði veitt í þessu skyni í fjárlögum, og sé það fé til ráðstöfunar fyrir heilbrigðisstjórnina, eftir því, sem hún telur best til fallið. Nefndin getur að sjálfsgöðu ekki einskorðað, hversu há þessi fjárhæð ætti að vera, en henni hefir komið til hugar 15000–25000 kr. á ári. Eru allar líkur á, að nokkuð mætti draga úr hinu hryggilega böli þessara manna með þessu.

Verði fallið á þessa tillögu nefndarinnar, hugsar hún sér, í samræmi við ráðleggingar dr. Helga Tómassonar, að útvegaður verði bráðabirgðastaður fyrir þá menn, sem taka verður burtu af heimilum sínum. Á þessum stað ættu þeir að dvelja meðan það er rannsakað, hvaða meðferð mundi henta þeim best. Sumum mætti sennilega sleppa bráðlega, öðrum mundi ef til vill henta dvöl á góðu sveitaheimili, nokkrir kunna að þarfnast lengri spítalavistar, og einhverjir má ætla að séu ólæknandi.

Í nefndinni kom það til tals, hvort ekki mundi nauðsynlegt að breyta lögum um lögræði, til þess að hægt væri að svipta þá menn, sem hér um ræðir, eða suma þeirra, fjárræði og sjálfræði, því að það er auðsætt, að ef slíkur sjúklingur vill ekki fara að ráðum læknis, þá er ekki hægt að knýja hann til þess, nema með því að svipta hann bæði fjárræði og sjálfræði. Nefndin sá þó ekki næga ástæðu til, að minnsta kosti að svo stöddu, að flytja frv. um breytingu á lögræðislögunum, því að hún telur heimildina til lögræðissviptingar í 5. gr. laganna svo rúma, að hana megi nota í þeim tilfellum, sem hér ræðir um, enda þer ekki að heita svo skaðu og ór-lagaríku vopni sem lögræðissvipting er, nema annað sé óhjákvæmilegt.

Verði sú rökstudda dagskrá, sem nefndin ber fram og hér fer á eftir, samþykkt í hv. deild, mun nefndin senda hana fjárveitinganefnd þingsins með beiðni um, að hún taki upp í tillögur sínar fjárveitingu í áðurnefndu skyni.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur réttara, eins og nú er, að reisa ekki eða stofna heilsuhæli handa drykkjumönnum, heldur taka upp í fjárlög fjárveitingu, sem sé til ráðstöfunar fyrir heilbrigðisstjórnina í þeim tilgangi að hjálpa slíkum mönnum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. nóvember 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.

Magnús Guðmundsson,
frsm.